

## REGLUGERÐ

### um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að innleiða áætlun um að flýta beitingu krafna um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnunarkrafna fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem kveðið er á um í Alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78), sem og að banna flutning á þungri olíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi, til hafna eða frá höfnum aðildarríkja EES.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing á EES-gerð.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi EES-gerð:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 530/2012 frá 13. júní 2012 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilegum hönnunarkröfum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (endurútgáfa), eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2014, frá 16. maí 2014. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er óbirt. Reglugerð nr. 530/2012 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36, 12. júní 2014, bls. 169.

#### 3. gr.

##### *Lagastöð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. mgr. 3. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur brott reglugerð nr. 1110/2008, um hönnun olíuflutningaskipa, með síðari breytingum.

*Innanríkisráðuneytinu, 30. september 2014.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir**  
innanríkisráðherra.

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*